um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd Ed. hefur rætt frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við, sem erum í meiri hl., teljum frv. þetta á allan hátt mjög ófullkomið, þegar höfð er í huga sú áhætta, sem fylgir því, ef það verður að lögum. Hins vegar er því haldið fram af flm. og fylgjendum þess, að engin þjóð muni geta keppt við Íslendinga á sviði minkaeldis. Sjálfsagt hafa flm. eitthvað fyrir sér í þessu, en sé þetta mál jafnaugljóst og fram er haldið, hvers vegna er þá ekki lögð fram áætlun yfir bæði stofn- og rekstrarkostnað minkabúa? Vafalaust er hægt að afla upplýsinga í þessum efnum hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum. Vonum við, að flm. frv. geri það fyrir næsta Alþingi, svo að málið liggi þá ljósar fyrir en nú er.

Þá ber að hafa það í huga, að frv. þetta er víðtækt. Það fjallar um loðdýr almennt, og ef til innflutnings loðdýra kæmi, er ekki fyrir fram vitað, hverjar tegundir loðdýra helzt yrðu fyrir valinu. Nýjar tegundir loðdýra hér á landi auk þeirra, sem þegar eru fyrir, fela í sér auknar hættur, bæði að því er varðar sjúkdóma og auk þess eru loðdýr, sem sleppa úr búrum, mesti skaðvaldur ýmsu náttúrulífi. Á undanförnum áratugum hefur minkurinn valdið óútreiknanlegu tjóni í ám, vötnum og á fuglalífi. Bæði veiði, dúntekja og eggjataka hafa minnkað mikið, og sums staðar er æðarfuglinn horfinn og veiðin engin. Það virðist því ekki vera ástæða til að hraða sér mikið í þessum efnum, þótt nokkrar krónur kunni að fást í aðra hönd. Minna má á, að bæði dúnn og lax eru líka útflutningsverðmæti.

Þá er það skoðun okkar, að fyrsta skilyrði þess, að nokkur innflutningur lifandi dýra eigi sér stað, sé það, að uppfyllt verði ákvæði 4. gr. l. um innflutning búfjár frá 1962.

Af framangreindum ástæðum, svo og þeim, sem fram koma á þskj. 305, leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson. Ragnar Jónsson.

Hjalti Haraldsson.